



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 22. desember 2022

22110365A GB
Málalykill: o8.20

Efni: Umsögn um drög að rg. um meðhöndlun úrgangs

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt frá 8. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að ofangreindri reglugerð, sem felur í sér innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi, sbr. lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi).

Almennt

Rétt þykir í upphafi að benda á að það hlýtur að vera til boga fyrir marga umsagnaraðila að heildarlög með innfærðum breytingum sem felast í framangreindum breytingarlögum eru ekki aðgengileg á vef Alþingis. Jafnframt er rétt að halda til haga gagnrýni sambandsins á að lagaumhverfi úrgangsmála er alltof flókið og í mörgum lagabálkum. Nauðsynlegt er að setja í forgang að gera úrbætur þar á.

Setning reglugerðarinnar er mikilvægur þáttur í samstarfi ráðuneytisins, sambandsins og fleiri aðila um innleiðingu hringrásarhagkerfis. Sambandið hefur átt fundi með ráðuneytinu til að ræða reglugerðardrögin til undirbúnings þessari umsögn en hefði að sjálfsögðu kosið að eiga beina aðkomu að gerð reglugerðarinnar á fyrri stigum. Með því móti hefði mátt fækka umtalsvert athugasemdum sem nú eru settar fram til skoðunar og umræðu og veita jafnframt betra svigrúm til viðbragða og útfærslu þar sem tilefni kann að vera til. En jafnframt skal því haldið til haga að brugðist var við nokkrum ábendingum sambandsins í forsamráði fyrir birtingu í samráðsgátt.

Í samskiptum við ráðuneytið hefur komið fram vilji til að skoða ákveðin atriði nánar og mun umsögn þessi einkum beinast að því að setja fram ítarlegri ábendingar og tillögur um þau atriði. Þar má einkum nefna:

1. Markmiðsákvæði 1. gr.
2. Hugtakið grenndarstöð og grenndargámar verði skilgreint í 3. gr.
3. Skýrari afmörkun á skyldum sveitarfélaga skv. 4. gr.
4. Skýrar heimildir til samstarfs sveitarfélaga, sbr. 6. gr.
5. Gott aðgengi að ílátum í 6. gr. eigi einnig við hirðuaðila en ekki einungis íbúa.
6. Skerpa þarf á hvað fellur undir breytilegt og fast gjald og hvaða upplýsingar sveitarfélagi ber að birta um raunkostnað á sínu vefsvæði, sbr. 7. gr.

7. Skýrari útfærslu á ákvæðum er varða ábyrgð á markmiðum og stöðu gagnvart þeim í 10. gr.
8. Framsetningu undanþáguákvæðis 11. gr., m.a. með það að markmiði að styðja við innleiðingu á sérsöfnun utan þéttbýlis.
9. Heimildir sveitarfélaga til að setja kröfur á úrgangshafa og m.a. hafna móttöku óflokkaðs úrgangs, sbr. einkum 16.-18. og 24. gr.
10. Skýrari ákvæði um skyldur rekstraraðila eftir því sem við á, sbr. einkum 18.-19. gr.
11. Samræmdar úrgangsmörkingar, sbr. Viðauka III og 12. gr.

Helstu ábendingar

Markmið, sbr. 1. gr.

Í 1. gr. eru tilgreind tvö markmið sem koma fram í 1. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. En önnur markmið laganna eru ekki nefnd og saknar sambandið sérstaklega áherslu á að tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna og dýra og að ekki skapist óþægindi vegna hávaða eða ólyktar, sbr. a. og b. lið 1. gr. laganna. Hafa þarf í huga að ákveðnir úrgangsflokkar verða aldrei meðhöndlaðir á forsendum hringrásarhagkerfis heldur með tilliti til hollustuhátta- og mengunarvarnarsjónarmiða. Skiptir þá m.a. máli að vanræksla úrgangshafa verði ekki til að torvela rétta úrgangsméðhöndlun.

Einnig skortir vísun til d.-liðar um að úrgangsstjórnun sé markviss og hagkvæm og að úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun, ásamt g.-lið þar sem lögð er áhersla á að handhafar úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun úrgangs.

Væntanlega er markmið ráðuneytisins ekki að draga úr vægi framangreindra markmiða laganna og vitaskuld gilda markmið laganna við framkvæmd og túlkun reglugerðarinnar. En mikilvægt er að við beitingu hennar, t.d. í samskiptum sveitarfélaga við úrgangshafa, liggja þessi markmið skýr fyrir. Enn mikilvægara er síðan að ákvæði reglugerðarinnar endurspegli markmið laganna, ekki síst um hagkvæmni og skilvirkni.

Sveitarfélögin eru lykilaðilar við framkvæmd reglugerðarinnar og því telur sambandið mikilvægt að reglugerðin styðji við að þau geti leyst sín verkefni á hagkvæman og skilvirkan hátt. Í mörgum tilvikum er t.d. lykilatriði til að gera sveitarstjórnnum kleift að standa undir hlutverki sínu og skyldum að auka gegnsæi í úrgangsstjórnun og tölfræði málaflokksins, þannig að upplýsingar liggja fyrir um úrgangsmagn og ráðstöfun þess, ekki síst magn úrgangs sem fellur undir hlutverk annarra en sveitarfélaga á grundvelli framleiðendaábyrgðar.

Grenndarstöðvar

Einn liður í að innleiða hagkvæmt hringrásarhagkerfi er samspil hirðuaðferða þar sem mörg sveitarfélög munu nýta grenndarstöðvar sem hagkvæmari leið til hirðu flokkaðs úrgangs heldur en hirðu við húsvegg. Á þessu er skilningur af hálfu ráðuneytisins, eins og fram hefur komið á fundum undanfarnar vikur. Mikilvægt er að reglugerðin endurspegli að þessi aðferð sé viðurkennd í löggjöfinni og óskar

sambandið sérstaklega eftir frekara samráði um hvernig reglugerðinni verði breytt hvað þetta atriði varðar, með hliðsjón af Handbók um úrgangsstjórnun. Um þetta vísast m.a. til ábendinga við 4. gr. um fyrirkomulag sorphirðu í dreifbýli og breytingu á ákvæði gildandi reglugerðar.

Skýrari afmörkun á skyldum sveitarfélaga

Í 8. gr. l. um meðhöndlun úrgangs er ákvæði um skyldur sveitarfélaga orðað svo:

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Fyrirkomulag söfnunarinnar skal stuðla að því að markmiðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.

Að álitu sambandsins endurspeglar 4. gr. rg. ekki nægilega vel að ýmis sérhæfður úrgangur er ekki á ábyrgð sveitarfélaga heldur ber rekstraraðilum sjálfum að annast meðhöndlun og förgun hans. Því verði að endurskoða orðalag 2. málslíðar um að sveitarstjórn beri að hafa tiltækan farveg fyrir allan úrgang sem fellur til hjá einstaklingum og lögaðilum í sveitarfélaginu.

Lokamálsliður 4. gr. felur í sér breytingu frá gildandi reglugerð, sem er mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélögin og kallar á að áhrif breytingar verði kostnaðarmetin ef greinin verður samþykkt óbreytt. Lagt er til að setningin verði frekar svohljóðandi:

Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp grenndar- eða söfnunarstöðvar á hentugum stöðum í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili.

Einnig er tilefni til að benda á að í 5. gr., sem fjallar um svæðisáætlanir, segir að sveitarstjórn eigi að setja markmið um samdrátt í myndun úrgangs og fjallað um úrgang sem „nýttur er til orkuendurvinnslu“. Kveða þarf á um, í tengslum við 10. gr. um töluleg markmið, hvort slík orkuendurvinnsla fellur undir endurnýtingu eða hvort nota beri annað hugtak við útreikning á því hvort viðmið eru uppfyllt.

Gott aðgengi hirðuaðila

Gott aðgengi að ílátum fyrir hirðuaðila skilar betri og hagkvæmari þjónustu auk þess að það bæta vinnuaðstæður starfsfólks sem sinnir hirðu úrgangs. Tryggja þarf að hægt sé að gera kröfur um gerð og staðsetningu íláta og aðkomuleiðir hirðubíls og ætti í 6. gr. einnig að kveða á um ekki sé einungis íbúa horft til aðgengis fyrir íbúa, sem vissulega er mikilvægt, heldur ekki síður að staðsetning íláta henti til skilvirkrar og hagkvæmrar sorphirðu. Má í því sambandi benda á að sveitarfélög munu í einhverjum tilvikum skoða að innleiða strangari kröfur til íbúa um staðsetningu íláta, samhliða innleiðingu Borgað þegar hent er reglunnar.

Samstarf sveitarfélaga um úrgangsstjórnun

Við umræðu um reglugerðardrögin hafa komið fram spurningar um hvort heimildir byggðasamlaga sem annast úrgangsstjórnin í umboði aðildarsveitarfélaga hafi sömu heimildir og sveitarfélögin sjálf. Þessar spurningar lúta m.a. að heimildum skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, beitingu reglna sem kunna að vera íþyngjandi fyrir borgara, o.s.frv.

Almennt lítur sambandið svo á að á grundvelli 6. gr. rg. og með stoð í ákvæðum sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga, sbr. einkum 93. og 94. gr., geti sveitarstjórnir falið byggðasamlögum að annast framkvæmd fyrir sína hönd enda liggi fyrir staðfesting allra sveitarstjórna á samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir það svæði sem byggðasamlag starfar á. Í 7. gr. er fjallað um gjaldtöku og þar kemur fram að byggðasamlögum sé heimilt, eins og sveitarfélögum, að færa innheimtu gjalda á milli úrgangsflokka. Mikilvægt er að fá staðfestingu ráðuneytisins, mögulega að höfðu samráði við ráðuneyti sveitarstjórnarmála, um að engir annmarkar séu á reglugerðinni hvað þetta varðar.

Varðandi heimildir sveitarfélaga almennt, með hliðsjón af 24. gr. um þvingunarúrræði o.fl. má segja að rg. þyrfti að styðja betur við það flókna verkefni sveitarfélaga að fá íbúa og fyrirtæki til að flokka úrgang með réttum hætti og skila til endurnotkunnar og endurvinnslu. Áhersla verður vitaskuld á það hjá sveitarfélögum að fá úrgangshafa til samstarfs um þetta mikilvæga samfélagsverkefni.

Skilgreining á föstu og breytilegu gjaldi og upplýsingar um raunkostnað

Í núgildandi lögum um meðhöndlun úrgangs tekur krafa um 25% hlutfall fasts gjalds ekki gildi fyrr en árið 2025 en er 50% fram að því. Í reglugerðardrögunum miðast 25% hlutfallið við gildistöku reglugerðarinnar og þarf að laga það ósamræmi, sem hlýtur að vera vegna mistaka, til samræmis við bráðabirgðaákvæði III við lögina, þar sem segir:

Þrátt fyrir ákvæði 5. málsl. 2. mgr. 23. gr. er sveitarfélagi heimilt að innheimta allt að 50% af heildarkostnaði sveitarfélagsins til 1. janúar 2025.

Sambandið telur nauðsynlegt að skerpa í reglugerðinni á því hvað telst til fasts gjalds og hvað telst til breytilegs gjalds, enda lykilatriði við innleiðingu Borgað þegar hent er fyrirkomulags. Ráðuneytið kom að vinnu sambandsins við að setja fram „Spurt og svarað í úrgangsmálum“ og kom í þeim samskiptum fram eftirfarandi skilgreining sem væri hægt að nýta:

Breytilegt gjald er gjald sem úrgangshafinn getur haft áhrif á til að lækka sinn eigin kostnað og fer upphæðin eftir magni og tegund úrgangs og öðrum þjónustubáttum. Fast gjald er gjald sem innheimt er óháð magni og tegund úrgangs.

Krafa um að gjaldtaka sé ekki hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs hefur verið lengi í úrgangslögum. Rétt þykir að benda á að þar sem raunkostnaður hvers árs sveiflast m.a. eftir magni

úrgangs og gjaldskrár sveitarfélaga miðast við áætlun komandi árs byggt á rauntölum fyrri ára þá er nánast ómögulegt að fullkomið samræmi sé á milli innheimtra gjalda og raunkostnaðar. Tilfni er til þess að kveða skýrar á um að heimilt sé að horfa til nokkurra ára meðaltals. Sem dæmi er í Þýskalandi miðað við 7 ára tímabil.

Gera mætti 7. gr. læsilegri með því að fjölga málsgreinum. Í lok greinarinnar kemur t.d. regla sem kveður á um að sveitarfélag eða byggðasamlag skal árlega birta upplýsingar um innheimt gjöld og sundurliðun á raunkostnaði á vefsvæði sínum. Ekkert kemur fram um hvaða upplýsingar skuli að lágmarki birta, t.d. hvort greinin feli í sér víðtækari kröfu um upplýsingar en koma fram í ársreikningum sveitarfélaga og birtast á vefsíðu sambandsins. Þetta er atriði sem mætti skýra nánar í rg. eða leiðbeiningum.

Skýr framsetning markmiða og gegnsæ og sannreynanleg úrgangstölfræði

Sett eru ný og metnaðarfull markmið um endurvinnslu heimilisúrgangs í 10. gr. Í breytingum sem urðu á lögum um meðhöndlun úrgangs árið 2021 er gert ráð fyrir að þeim verði náð niður á hvert sveitarfélag. Sambandið leggur áherslu á að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum á stöðu sinni gangvart markmiðunum. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á úrgangstölfræði yfir landið allt og sveitarfélög ættu að geta leitað til stofnunarinnar hvað þetta varðar.

Í greininni eru útlustuð markmið sem gilda um meðhöndlun úrgangs. Skýrt þarf að vera í löggjöfinni hver ber ábyrgð á að markmiðum sé náð. Í þessu samhengi vill sambandið einkum ítreka beiðni sína um að tekinn sé af allur vafi um að sveitarfélög beri ekki ábyrgð á að ná markmiðum sem gilda um byggingar- og niðurrifsúrgang. Sambandið hefur þegar komið minnisblaði um málið, sem unnið var af Environice að beiðni sambandsins, til URN en megin niðurstaða þess er að sveitarstjórnir beri ekki ábyrgð á að markmiðinu verði náð, heldur felist skylda sveitarfélags eingöngu í því að á móttöku- og söfnunarstöð sé aðstaða til flokkunar þessa úrgangs, sem stuðlar að því að markmiðið náist. Sambandið vill einnig vekja athygli á síðustu línunum minnisblaðsins sem sýna að verulegra úrbóta er þörf til að til staðar sé aðgengileg, gegnsæ og sannreynanleg úrgangstölfræði:

Þegar ráðstöfun byggingar- og niðurrifsúrgangs héraðs er skoðuð ofan í kjölinn virðist augljóst að endurnýtingarhlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs sé verulega ofreiknað í þeim gögnum sem vísað er til í stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarfélögum ber að ná markmiðum um lífrænan heimilis- og rekstrarúrgang á sínu svæði og þurfa þau að geta metið stöðu sína gagnvart markmiðunum hverju sinni. Óhjákvæmilegt er að gera í þessu samhengi athugasemd við markmið um lífrænan úrgang, þ.e. að lífrænn heimilisúrgangur og rekstrarúrgangur megi að hámarki vera 35% af heildarmagni lífræns úrgangs sem féll til árið 1995. Upplýsingar um magn lífræns úrgangs á því ári byggja á mati Umhverfisstofnunar út frá ákveðnum forsendum og tölurverð óvissa er í því mati sér í lagi ef áætluðu magni er skipt niður á sveitarfélög. Urðunarstöðum hefur t.d. fækkað umtalsvert á undanförunum áratugum. Óljóst er hvort skipta á mati Umhverfisstofnunar á heildarmagntölum yfir landið allt niður á sveitarfélög eftir íbúafjölda eða með

öðrum hætti. Sambandið hefur ekki fundið sambærileg markmið í nágrannalöndunum og leggur til að þessi ákvæði verði endurskoðuð áður en reglugerðin verður gefin út. Skoða ætti aðra kosti í útreikningum s.s. að miða við úttekt á samsetningu úrgangs sem berst til urðunarstaða en slík greining er t.d. gerð árlega á höfuðborgarsvæðinu.

Skýra þarf hvernig reikna á stöðuna gagnvart markmiðunum. Sem dæmi segir: *Endurvinnna skal að lágmarki 65% af öllum umbúðaúrgangi sem fellur til árið 2025 og að lágmarki 70% árið 2030.* Kveða ætti nánar á um hvort markmiðið sé hlutfall af þeim umbúðum sem settar er á markað á hverju ári eða hlutfall af því magni sem varð að úrgangi það árið. Hingað til hefur verið tekið mið af áætluðu magni umbúða í hverjum tollaflokki en ekki raun magni umbúða sem flutt er inn og ákveða ætti hvort sú leið er ásættanleg til framtíðar. Ábyrgð á því að ná þessu markmiði fyrir landið í heild er eðli máls samkvæmt hjá Úrvinnslusjóði en ekki hjá einstökum sveitarfélögum.

Undanþáguheimildir

Ákvæði 11. gr. rg. felur í sér vægast sagt mjög flókna útfærslu á 2. mgr. 10. gr. úrgangslaga, sem hljóðar svo:

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að veita undanþágu frá framangreindum ákvæðum um sérstaka söfnun að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum, ásamt nánari skilyrðum sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, sbr. 43. gr.:

- a. *blönduð söfnun tiltekinna tegunda úrgangs hafi ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda og slík söfnun tryggi sambærileg gæði úrgangsins og fæst með sérstakri söfnun,*
- b. *sérstök söfnun skilar ekki bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið,*
- c. *sérstök söfnun er ekki tæknilega möguleg, eða*
- d. *sérstök söfnun myndi hafa í för með sér óhóflegan kostnað.*

Við innleiðingu löggjafar ESB um hringrásarhagkerfi er eðlilegt að líta til þeirra krafna sem gerðar eru í viðkomandi tilskipunum. Leiðarljós í hagsmunagæslu Sambands Íslenskra sveitarfélaga er að við mótun löggjafar sé ekki gengið lengra en kveðið er á um í viðkomandi tilskipun. Hér er því tilefni til að horfa til texta rammatilskipunar um úrgangsmál, nr. 2008/98/EB¹.

¹ Í íslenski þýðingu tilsk. segir í 3. tl. 10. gr.: *Aðildarríkin geta leyft undanþágur frá 2. mgr. að því tilskildu að a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:*

- a) *söfnun tiltekinna tegunda úrgangs saman hefur ekki áhrif á möguleika hans til að fara í gegnum undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðrar endurnýtingaraðgerðir í samræmi við 4. gr. og leiðir til frálags eftir þessar aðgerðir sem er af sambærilegum gæðum og það sem fæst með sérstakri söfnun,*
- b) *sérstök söfnun skilar ekki bestu niðurstöðunni fyrir umhverfið þegar tekið er tillit til heildarumhverfisáhrifa stjórnunar á viðkomandi úrgangsstraumur,*
- c) *sérstök söfnun er ekki tæknilega möguleg að teknu tilliti til góðra starfsvenja í úrgangssöfnun,*

Ekki verður annað séð en að framsetning í 11. gr. sé alltof tæknileg og flókin til að raunhæft sé að ætla að sveitarfélög eða aðrir geti fundið leið í gegnum nálarauga sem þar er stillt upp. Sambandið óskar eftir nánari skýringum á því hvaðan fyrirmynd að greininni kemur en leggur jafnframt eindregið til að greinin verði endurskoðuð í heild. Sérstaklega er tilefni til að mótmæla því f.h. sveitarfélaga að á þau sé lögð svo þung sönnunarbyrði sem t.d. kemur fram í ii.-lið b), i.-lið c) og iii. lið d), sem felur í sér mun víðtækari gagnaöflun en hægt er að ætlast til af sveitarfélögum sem leita eftir undanþágu frá kröfum um sérsöfnun af þeim ástæðum sem heimilaðar eru í lögunum.

Vert er hins vegar að undirstrika þann skilning sambandsins að þar sem í lögunum er veitt almenn undanþága fyrir sveitarfélög frá sérsöfnun úrgangs í dreifbýli þá ættu undanþágur frá sérsöfnun almennt að heyra til undantekninga. Vel gæti þó komið til greina að láta reyna á tímabundnar undanþágur til að reyna að ná fram aukinni hagkvæmni, að uppfylltum skilyrðum laganna, til dæmis um að blönduð söfnun tiltekinna tegunda úrgangs hafi ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda og slík söfnun tryggji sambærileg gæði úrgangsins og fæst með sérstakri söfnun. Mikilvægt er jafnframt að virkt eftirlit verði með árangri slíkra reynsluverkefna.

Heimildir sveitarfélaga til að setja kröfur á úrgangshafa og m.a. hafna móttöku óflokkaðs úrgangs, sbr. einkum 8., 16.-18. og 24. gr.

Vert væri að skoða betur hvernig rg. geti stutt við beitingu annarra stjórnækja, einkum þó samþykktu sem sveitarstjórnir setja um meðhöndlun úrgangs. Hér má sem dæmi nefna ákvæði 8. gr. í fyrirmynd að samþykkt (fylgiskjal 2 með Handbók um úrgangsstjórnun), þar sem kemur fram meginregla sem ekki er jafn skýrt orðuð í rg.:

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs, hvort sem það er sá sem úrgangurinn fellur til hjá eða sá sem hefur hann undir höndum, að færa úrganginn til viðeigandi meðhöndlunar, annað hvort beint til endurnýtingar eða á grenndar-, söfnunar- eða móttökustöð. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilis og rekstrarúrgang í samræmi við reglur um sérsaka söfnun.

Vel mætti hugsa sér að í 8. rg., sem geymir upptalningu meginreglna um úrgangsmeðhöndlun, verði notað skýrara orðalag af þessum toga, þ.m.t. um hvar ábyrgðin liggur á að tryggja rétta meðhöndlun, ásamt því að vísa skýrar til nánari fyrirsmæla í samþykktum sveitarfélaga. Einnig mætti mögulega sameina 8. og 16. gr., sem fjallar um almennan þrifnað utanhúss, enda er töluverð skörun á milli

d) sérstök söfnun myndi hafa í för með sér óhóflegan efnahagslegan kostnað, að teknu tilliti til kostnaðar við skaðleg áhrif á umhverfi og heilbrigði sem tengjast söfnun og meðhöndlun á blönduðum úrgangi, möguleikans á aukinni skilvirkni við úrgangssöfnun og meðhöndlun, tekna af sölu enduruninna hráefna sem og beitingar mengunarbótareglunnar og rýmkaðrar ábyrgðar framleiðanda.

Aðildarríkin skulu fara reglulega yfir undanþágur samkvæmt þessari málsgrein, að teknu tilliti til góðra starfsvenja við sérstaka söfnun úrgangs og annarrar þróunar í úrgangsstjórnun.

þessara greina. Óskar sambandið eftir samtali við ráðuneytið um mögulega útfærslu á slíkri nálgun, sem myndi að líkindum gera reglugerðina aðgengilegri fyrir þá sem vinna munu með hana. Til hliðsjónar í því samtali mætti vera að hafa hugtakanotkun sem líkasta því sem gert er í Handbók um úrgangsstjórnun.

Í 5. mgr. 8. gr. þarf að laga orðalag um hvar losun úrgangs er óheimil. Í upptalningu vantar að heimilt er að losa úrgang á söfnunar- og endurnýtingarstöð.

Skýrari ákvæði um skyldur rekstraraðila eftir því sem við á, sbr. einkum 18.-19. gr.

18. gr. felur í sér upptalningu á skyldum rekstraraðila. Í flestum tilvikum mun framkvæmd ráðast af samningum sem fyrirtæki gera við sinn þjónustuaðila. Samt sem áður væri tilefni til að vísa í reglugerðinni til þess að jafnframt taki ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs til rekstraraðila eftir því sem við á. Þetta á t.d. við um kröfur um gæði flokkaðra endurvinnslufna o..m.fl.

Í 2. mgr. 19. gr. ætti væntanlega að gera ráð fyrir endurnýtingarstöðvum og kveða á um hver veitir starfsleyfi til þeirra.

Samræmdar merkingar úrgangsflokka

Í viðauka III og í 13. gr. er fjallað um samræmdar merkingar úrgangstegunda. Stofnuð hafa verið norræn samtök, EUPicto, sem eiga merkingarnar sem hafa tekið einhverjum breytingum sem þarf að innleiða hérlendis og taka tillit til í rg. Það var mikið framfaraskref að taka þessar merkingar upp hér á landi en tryggja þarf verkefninu sess til framtíðar, svo sem hjá Umhverfisstofnun.


Í samtali við ráðuneytið hefur verið rætt um mikilvægi þess að hægt verði að taka inn nýjar merkingar eða breytingar á gildandi merkjum með einföldum hætti. Hugsanlega mætti skoða að setja sérstaka reglugerð eða auglýsingu um þetta stjórnæki, í stað þess að ávallt þurfi að gera breytingar á reglugerð um meðhöndlun úrgangs.

Lokaorð

Mikilvægt er að samtal hefjist sem fyrst um mat á kostnaðaráhrifum reglugerðarinnar, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Ljóst er að viðbrögð við ábendingum í þessari umsögn geta í ákveðnum tilvikum haft áhrif á umfang þeirrar vinnu, m.a. varðandi atriði sem fela í sér þrengingu á heimildum sem sveitarfélögin hafa í dag og þar sem gengið virðist vera lengra í innleiðingu en krafist er í ESB-löggjöf.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs